



Viðstaddir

17.09.2021

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Margrét L. Gunnarsdóttir	MLG	Iks, Rvk
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Forfallaðir

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur föstudaginn 17. september 2021 kl. 12:00

1 Síðasta fundargerð

Fundargerðir 24.08.21 og 13.09.21 samþykktar samhljóða.

2 Salernismál

SSH hefur samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda, GÓ Verk ehf um jarðvinnu og lagfir vegna salerna.

⇒ MÁ hefur beðið Feril um að ganga frá samningi og ræsa verkið.

3 Lyftur

Fyrir fundinn var dreift til kynningar gögnum frá Doppelmayr, sem tekin voru til umræðu:

- Verkábyrgð
- Verkáætlun (Gosi)
- Greiðsluáætlanir skv. útboðsgögnum
- Greiðsluáætlun m.v. flýtingu Drottningar

Verkáætlun Gosa er samþykkt, en önnur gögn áfram í vinnslu.

Frávik verkábyrgðar frá útboðsgögnum er að gildistími er dagsettur ári frá verklokum 31.10.24, í stað þess að vera með opna dagsetningu ári eftir móttöku verkkaupa á fullgerðu verki. Þá vantar setningu um að verkkaupi geti krafist greiðslu ábyrgðarinnar án undangengins dómsúrskurðar.

⇒ EKS falið að ræða við Doppelmayr um lagfæringar/breytingar.

EKS lagði fram greiningu með samanburði greiðsluáætlana Doppelmayr við útgjaldaáætlun í samningi SSH um verkefnið. Fundarmenn sammála um að tilboð Doppelmayr um flýtingu Drottningar sé freistandi kostur. Þó sá ágalli að afhending er lok febrúar 2023, sem þýðir að lyftan nýtist aðeins í mars og inn í apríl, en ekki des, jan og feb.

- ⇒ EKS falið að ræða við Doppelmayr um möguleika þess að afhenda lyftuna fyrr
- ⇒ MÁ falið að fella greiningu EKS inn í skjal samnings SSH sem sýnir sundurliðun útgjalda á hvert sveitarfélag
- ⇒ PBG mun kynna SSH í framhaldi

Þegar niðurstaða er komin mun EKS kalla eftir verkáætlun Drottningar.

Doppelmayr hefur verið beðið um tilboð í neðangreind viðbótarverk:

- Gler og lerki klæðingar á hluta útveggja stálgrindarhúss beggja botnstöðva til að bæta vinnuumhverfi og útlit
- Koma fyrir spennistöðvarrymi innan botnstöðvar Gosa í stað spennistöðvar í núverandi botnstöð sem leggst af (spennistöð Drottningar mun standa áfram í núverandi botnstöð)

Samþykkt að MÁ, EB og EKS fari í vettvangsferð til Doppelmayr í Austurríki í lok september. Tilgangur ferðarinnar er verkfundur og staðfesta verkstöðu m.t.t. fyrsta reiknings.

4 Snjóflóðamál. Veðurstofa og vinnueftirlit

Doppelmayr hefur verið sent uppfært snjóflóðahættumat Veðurstofunnar.

EKS mun eiga fund með Vinnueftirliti ríkisins (VER) í næstu viku til að skerpa á lögbundinni aðkomu VER – úttektir VER og hvaða gögn þarf að leggja fram og á hvaða stigum verkefnisins. Síðar í vikunni verður fundur með Doppelmayr og þeirra samstarfsaðilum (Verkís og ÍAV) til að fara yfir leyfismál og úttektir opinberra aðila, þ.m.t. VER. Tilgangurinn er að tryggja sem hindrunarlausastan framgang verkefnisins fram veginn.

5 Skálafell-notuð lyfta

Tveir aðilar brugðust við óskum um RFI. EKS lagði fram minnisblað þar sem niðurstaðan er tekin saman og reifuð möguleg næstu skref. Innkaupsferli notaðrar lyftu er gerlegt, en býsna snúið og getur verið áhættusamt þ.a. skynsamlegt er að fá til samstarfs erlendan ráðgjafa með reynslu á þessu sviði. EKS leggur til að sá möguleiki að ráðast í kaup á nýrri lyftu verði ræddur, áður en innkaupaferli notaðrar lyftu verður sett í gang.

⇒ MÁ, BF og ÓE munu taka málið upp í samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna

6 Boranir

VSÓ hefur tekið saman minnisblað um skipulagsmál og leyfi vegna rannsóknarborhola grunnvatns og sent til PBG og Jóns Kjartans verkefnisstjóra SSH.

7 Skipulags og leyfismál

Í uppfærðu snjóflóðahættumati Veðurstofunnar sem barst síðsumars færast hættumatslína C nær fjallinu. Í því felst m.a. það tækifæri að hliðra byggingarreit Ullar út úr hólum á Suðursvæði til suðurs á hagfelldari stað.

Á fundi skipulagsnefndar Kóp mán 20.09 verður lögð fram tillaga að breytingum DSK sem m.a. felur í sér:

- Uppfærð hættumatslína C
- Speglnun reits Ullar til suðurs úr hól
- Færsla toppstöðvar Gosa til suður með tilheyrandi snúningi/breytingum á byggingarreit

VSÓ og skipulagshöfundur (Landslag) líta svo á að um óverulega breytingu sé að ræða. VSÓ hefur sent HEHK og Forsætisráðuneyti erindi vegna málsins og fengið staðfest að fyrri leyfi standi óhögguð.

Erindið um DSK breytinguna var ekki tekið fyrir á síðasta fundi skipulagsnefndar Kóp og því mikilvægt að það náist á fundinum 20.09. vegna yfirstandandi hönnunar á Gosa.

⇒ ÁH situr fundi nefndarinnar og mun fylgja málinu eftir

8 Bláfjöll almennt – innviðir og rekstur

Í samskiptum VSÓ við forsætisráðuneyti vegna leyfismála lyfta og salerna kom fram að leyfi vegna þeirra framkvæmda hafa verið veitt vegna þess að um „samfélagsleg“ verkefni sé að ræða. Ekki sé sjálfgefið að leyfi vegna skálabygginga verði afgreidd með sama hætti. Tengist þetta umræðu á fundi stýrihóps 08.06. Vætanlega þarf að auglýsa nýtingarréttinn (vegna þjóðlenduákvæða) og stofna/úthluta lóðum með formlegri hætti en verið hefur.

⇒ PBG mun taka málið upp á næsta fundi SSH

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn